

Reykjavík, 19.5.2023

Reykjanesbær
bt. Gunnar Kristinn Ottósson, Skipulagsfulltrúi
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbæ

Efni: Umsókn um lóð fyrir hraðhleðslugarð í Reykjanesbæ

Allt frá árinu 2014 hefur Orka Náttúrunnar (ON) verið í fararbroddi í uppbyggingu hleðsluinnviða á þjóðvegum landsins, til viðbótar hefur ON byggt upp hverfahleðslur fyrir almenning í samvinnu við sveitarfélög eins og Garðabæ, Reykjavík, Reykjanesbæ, Hvammstanga og fleiri. Tækni og reynsla hefur byggst upp og með því að veita afburða þjónustu höfum við átt ánægðustu viðskiptavinum á raforkumarkaði 4 ár í röð.

Nauðsynlegt er að styðja en þá betur við orkuskipti í samgöngum til að ná markmiðum ríkistjórnar í loftslagsmálum. Í stefnu ON er skilgreint hlutverk í vegferð orkuskipta og þess vegna horfum við í lykilstaðsetningar eins og Reykjanesbæ til áframhaldandi uppbyggingar.

Til viðbótar við fjölgun rafbíla í eigu einstaklinga eru rafdrifnir vöruflutningarbílar að koma til landsins ásamt aukinni kröfu ferðamanna um að aka um á rafbílum eða rafdrifnum hópferðabílum. Með tilkomu stærri bifreiða þarf að huga vel að hönnun og aðgengi þeirra að hraðhleðslustöðvum.

Orka náttúrunnar hefur rekið hraðhleðslustöð við verslunarmiðstöðina á Fitjum síðan 2015 en þetta var ein af 10 fyrstu hraðhleðslustöðvum á landinu. Fyrir átta árum þegar ON fjárfesti í uppsetningu þessarar stöðvar voru færri en 1000 rafbílar á Íslandi og þá voru uppi miklar efasemdir um að rafbíllinn ætti sér einhverja framtíð.

Með bréfi þessu óskar ON formlega eftir lóð til að stækka núverandi hleðslustöð við Fitjar Reykjanesbæ. Óskað er eftir lóð á svæði samkvæmt Mynd 1. Stærð svæðis sem ON leggur til er til dæmis eins og sjá má á Mynd 2 og Mynd 3. Stærð svæðis og lögun verður að sjálfsögðu ákveðin með Reykjanesbæ með tilliti til annara þátta svo sem lagna og annars sem taka þarf tillit til við útfærslu.



Mynd 1



Mynd 2



Mynd 3

Stækkun felur í sér uppsetningu á 10 stæðum fyrir rafbíla við opnun en gert er ráð fyrir stækkun í 16 stæði. Frágangur verður vandaður, plani verður með góðum merkingum á stæðum og eyjur fyrir hleðslustöðvar fyrir stærri bíla. Tryggt verður að lýsing verði góð og almennur frágangur snyrtilegur og til fyrirmyndar fyrir ON og Reykjanesbæ. ON leggur áherslu á að ekki er verið að byggja bensínstöð svo ON mun leggja áherslu á gróður og blágrænar ofanvatnslausnir við hönnun stöðvarinnar.

ON vill með uppbyggingu stöðvar á Fitjum uppfæra hana miðað við núverandi þarfir rafbílanotenda þar með bæta aðgengi fyrir alla notendur og sérstaklega eru þarfir hreyfihamlaða hafðar til hliðsjónar við hönnun stöðvarinnar. Aðgengi fyrir hreyfihamlaða að núverandi hraðhleðslu er ekki ásættanlegt.

Óskað er eftir að erindi þetta verði tekið fyrir hjá Umhverfis- og skipulagsráði ásamt því ON óskar eftir frekara samtali við Reykjanesbæ um næstu skref.

Virðingarfyllst,

Guðjón Hugberg Björnsson, Tæknistjóri Orku náttúrunnar